



FUNDARGERÐ 495. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 19. mars 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Orri Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Aldís Stefánsdóttir, og Árelía Eydís Guðmundsdóttir. Gestur á fundinum er Almar Guðmundsson, bæjarstjóri Garðabæjar, sem sækir fjarfund.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri, sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Textílsöfnun og meðhöndlun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir vinnu við undirbúning söfnunar og afsetningu á textíl á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við ákvarðanir stjórnar og hringrásarlög. Framkvæmdastjóri áætlar að aukinn kostnaður vegna söfnunar á textíl á seinni hluta árs 2024 verði um 15 milljónir króna, og að áætluð fjárfestingarþörf sé um 33 milljónir króna. Ekki þarf að gera breytingar á rekstrar- eða fjárfestingaráætlunum SORPU vegna þessa.

Gert er ráð fyrir að SORPA taki við textílsöfnun á höfuðborgarsvæðinu 1. júní næstkomandi. Í áætlunum er gert ráð fyrir að mannúðarsamtök á borð við RKÍ og Hertex haldi áfram söfnun á textíl, en hafi jafnframt aðgang að endurnotatextíl úr söfnunarkerfi SORPU á kostnaðarverði eftir þörfum.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Stjórn SORPU fagnar því textílsöfnun á höfuðborgarsvæðinu sé að komast í fastari skorður í takt við hringrásarlögin, og að SORPA geti sinnt því verkefni án teljandi kostnaðarhækkana á þessu ári. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram. Stjórn samþykkir að aflétta ekki fyrirvara af samningi um leigu á húsnæði á Köllunarklettsvegi 1 vegna aukinnar textílsöfnunar.“

2. Staða brennsluverkefnis SSH og UOL

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu brennsluverkefnis SSH og URN. Skýrsla um verkefnið verður kynnt opinberlega í apríl.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 9. apríl klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:21.



Frá: Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.
Til: Stjórnar SORPU
Efni: Söfnun, vinnsla og afsetning á textíl seinni hluta árs 2024

17. mars 2024

Söfnun, vinnsla og afsetning á textíl seinni hluta árs 2024

Samantekt

- Sveitarfélög þurfa vegna lagabreytinga að tryggja söfnun á textíl í nærumhverfi
- Gert er ráð fyrir að verkefnið kosti SORPU um 15 milljónir aukalega í ár
- Áætluð fjárfestingarþörf er um 33 milljónir króna
- Ekki er þörf á að endurskoða rekstrar- eða fjárfestingaáætlanir SORPU vegna þessa

Minnisblað

Þann 1. janúar 2023 tóku gildi svokölluð hringrásarlög, sem breyttu meðal annars lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Í þeim var sveitarfélögum meðal annars falin ábyrgð á söfnun og meðhöndlun á textíl.

SORPA mun innan nokkurra mánaða taka fyrir hönd eigenda sinna að sér þessar skyldur, með söfnun á textíl á grenndarstöðvum og endurvinnslustöðvum, vinnslu textíls og útflutning til endurnota, endurvinnslu og ábyrgrar afsetningar, sbr. ákvörðun stjórnar á fundi 492. Forsenda þessa útflutnings er meðal annars að SORPA fái algjört gagnsæi um endanleg afdrif þess textíls sem er fluttur út.

Fjárfestingar

Til að sinna þessari skyldu þarf SORPA að fjárfesta í um 100 grenndargámum undir textíl, skynjurum og sérhæfðri pressu til að pakka textíl í gáma til útflutnings. Allar tölur í minnisblaði þessu eru án virðisaukaskatts.

	Verð
Pressa	15.000.000
Grenndargámar	16.000.000
Skynjarar	2.000.000
Samtals	33.000.000

Áætlað er að innkaup og afhending á grenndargámum taki 6-10 vikur. Áætlað er að innkaup og uppsetning á pressu tæki um 180-200 daga, allt að 7 mánuði. Þangað til ný pressa kæmi í virkni er mögulegt að nýta fyrirbyggjandi böggunarvél í Gufunesi, þó með nokkru óhagræði og tjóni á textíl, sem kunnir að draga tímabundið úr möguleikum á endurnotum.



Kostnaður 2024

SORPA gerir ráð fyrir að taka við söfnun og afsetningu á öllum textíl á höfuðborgarsvæðinu 1. júní næstkomandi. Ekki var að fullu gert ráð fyrir kostnaði við verkefnið í áætlunum SORPU fyrir árið 2024, þar sem ekki lá fyrir þegar áætlun var samþykkt að SORPA tæki við söfnun á grenndarstöðvum úr höndum Rauða krossins í ár. Áætlað er að um 2.100 tonn af textíl falli til á höfuðborgarsvæðinu í ár.

Gert var ráð fyrir tæplega 40 milljóna króna kostnaði við söfnunina í áætlunum endurvinnslustöðva í ár. Á síðari hluta ársins 2024 er gert ráð fyrir um 15 milljóna króna hækkun á kostnaði við söfnunina, aðallega vegna söfnunar á grenndarstöðvum.

Áætlaður móttöku- og vinnslukostnaður í móttöku- og flokkunarstöð SORPU við móttöku og útflutning á textílnum er áætlaður um 25-30 krónur á kíló. Tekjur af útflutningnum kunna hins vegar að skila sambærilegum tekjum, og því ekki gert ráð fyrir kostnaði við þennan hluta verkefnisins í ár.

Tölur í þessu minnisblaði eru áætlaðar út frá fyrirliggjandi gögnum um magn og kostnað. Tölurnar verða sannreynðar í ár og munu liggja fyrir við gerð áætlunar fyrir árið 2025.

Reykjavík, 17. mars 2024

Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.